

Fyrirhugaðar mælingar á Geysi

Benedikt Steingrímsson, Valgarður Stefánsson

Greinargerð BS-VS-82-04

FYRIRHUGAÐAR MÆLINGAR Á GEYSI

Eftirfarandi áætlun um mælingar á Geysi er sett fram í fimm liðum. Raufin á Geysi er ýmist höfð opin eða hún er stífluð með sandpoka. Að sögn Þóris Sigurðssonar skvettir hverinn af sér vatni einu til tvisvar sinnum á sólarhring, ef ekkert er í raufinni. Sandpoka-stíflan nægir hins vegar til að stöðva skvetturnar. Mælingarnar í lið (1) miða því að því að ná fram "stöðu" ástandi hversins, en í lið (5) eru það skvetturnar og ólgan, sem þessu fylgir, sem eru athugaðar. Þessar mælingar eru hafðar síðastar í röðinni vegna þess að hætta er á að hverinn kasti mælunum upp og skemmi þá.

(1) Sandpoki í rauf

- a. Rennsli og hitastig afrennslis mælt.
- b. Hitaferill mældur í botn
- c. Þrýstiferill mældur í botn. Botnþrýsingur.
- d. Fylgst með hitastigi á tveimur dýpum samtímis í 1-2 klst. Mælt á nokkrum dýptum.
- e. Strokkurinn víddarmældur.
- f. Tekin sýni af frárennslis og djúpsýni á 10 m og í botni.

(2) Dæling

- a. Dælt ákveðnu magni 5-20 l/s. Vatnsborð, dæluafköst og hitastig skráð.
- b. Endurtekið fyrir mismunandi dælingu, ef ekki tekst að koma hvern um í gos í fyrstu tilraun.
- c. Upplýsingar um loftþrýsting, lofthita og úrkomu skráðar á meðan á dælingu stendur.

(3) Gos

(Ef mistekst að fá fram gos með dælingu, er sett sápa í hverinn).

- a. SP mælt á meðan á gosinu stendur.
- b. Lýsing á gosinu skráð, og þá tímalengd mismunandi gosfasa.

82-03-31

(4) Mælingar eftir gos

- a. Hitamæli komið í botn strax að gosi loknu og botnhiti skráður samfelld meðan hverinn fyllist.
- b. Vatnsborð mælt á 5-15 mín. fresti.
- c. Hitaferlar mældir á 1-2 tíma fresti.
- d. Sýnataka. Djúpsýni í botni strax eftir gos, og síðan í botni og á 10 m dýpi þegar vatnsborð er komið upp, en áður en byrjar að renna úr hver.

(5) Frjálst rennsli gegnum rauf

Sömu mælingar og (1) a-d.

Mælingarnar verða unnar eftir eftirfarandi tímaáætlun. "Stöðu" ástand Geysis (1) verður mælt 82-04-02. Dæling úr hvernum verður síðan mánudaginn 5. apríl og verður honum komið í gos annað hvort samdægurs, ef dælingin heppnast, eða með sápu degi síðar. Mælingum eftir gos (lið (4)) á því að ljúka fyrir páska. Yfir páskana verður síðan látið renna frjálst gegnum raufina úr hvernum, og mælingar í 5. lið gerðar strax eftir páska.